



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 32/2019

## Fullyrðingar Fitness Sport um Sweet Sweat vörur

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Með bréfi Neytendastofu til Fitness Sport ehf., dags. 20. maí 2019, var greint frá því að stofnuninni hafi borist ábending vegna fullyrðinga í auglýsingum félagsins um Sweet Sweat gel og belti. Í bréfinu kom fram að Neytendastofa teldi að ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kæmu til skoðunar í málinu. Óskaði stofnunin eftir því að Fitness Sport færði sönnur fyrir eftirfarandi fullyrðingum á vefsíðu félagsins:

*„Sweet Sweat gelið eykur svo hitastigið enn meira og stuðlar að enn meiri vatnslosun og brennir fitu á staðnum sem það er borið á. Gelið er borið á undir beltið, en það virkar líka eitt og sér, er því hægt að bera það á hvar sem er á líkamanum.“*

*„Loksins er komið alvöru brennslugel sem brennir fitu af ákveðnum svæðum líkamans. Líkaminn er vanur að brenna fitu þar sem honum hentar og það er ekki endilega af þeim svæðum sem þú vilt greinast á. Með Sweet Sweat getur þú örvað fitubrennslu og vatnslosun af ákveðnum svæðum þannig að árangurinn er sjáanlegur strax.“*

*„Efnið eykur hitamyndun á því svæði og margfaldar þannig fitubrennsluna ásamt því að losa allt vatn undan húðinni.“*

*„Paige Hathaway í samstarfi við Sweet Sweat gerðu nýja og ennþá öflugri waist trimmer! Með sömu eiginleikum og klassíska Sweet Sweat beltið, þá kom þessi frábæra viðbót að þrengja að mittinu og hjálpar það enn meira við að minnka mittið! Beltið er gúmmihúðað að innan sem gerir það að verkum að maður svitnar meira á svæðinu sem beltið er á og tónar því mittið mikið. En við gerð þessa beltis var notast við nýja tækni til þess að það eykur meiri vökvalosun en klassíska beltið!“*



*„Waist Trimmer beltið eykur hitastigið á magasvæðinu sem veldur aukinni svitamyndun og þannig vatnslosun. Frábær leið til að minnka mittismálið hratt og örugglega. Hentar líka frábærlega með Sweet Sweat gelinu ef ætlunin er að brenna fitu af maganum.“*

*„Thigh Trimmer beltið eykur hitastigið á læra svæðinu sem veldur aukinni svitamyndun og þannig vatnslosun. Frábær leið til að minnka ummálið hratt og örugglega. Hentar líka frábærlega með Sweet Sweat gelinu ef ætlunin er að brenna fitu af lærunum.“*

Ekkert svar barst frá Fitness Sport við bréfi Neytendastofu og sendi stofnunin því ítrekun til félagsins með bréfi, dags. 14. júní 2019. Ekkert svar barst við því bréfi.

Með bréfi Neytendastofu til Fitness Sport, dags. 5. júlí 2019, var vakin athygli á því að stofnunin teldi að til skoðunar kæmi að beita sektum í málinu, sbr. 22. gr. laga nr. 57/2005, með vísan til þess að í ákvörðun Neytendastofu nr. 35/2018 hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að Fitness Sport hafi með villandi fullyrðingum í auglýsingum brotið gegn sömu ákvæðum og kæmu til skoðunar í þessu máli.

Ekkert svar barst frá Fitness Sport við því bréfi Neytendastofu.

## **II.**

### **Niðurstaða**

#### **1.**

Mál þetta varðar ofangreindar fullyrðingar í markaðssetningu Fitness Sport ehf. um einkenni og árangur sem má vænta af notkun Sweet Sweat gels og beltis. Neytendastofa hefur farið fram á að félagið færi sönnur á fullyrðingarnar samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og vísað til þess að ákvæði 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laganna kæmu einnig til skoðunar í málinu. Ekkert svar hefur borist Neytendastofu frá Fitness Sport við meðferð málsins.

#### **2.**

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um það að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.



Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna:

*„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,“*

Í 2. mgr. 9. gr. laganna er enn fremur kveðið á um að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytanda um að eiga viðskipti. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr. laganna.

### 3.

Fitness Sport hefur við meðferð málsins ekki lagt fram nein gögn til að færa sönnur á umræddar fullyrðingar og eru þær því ósannaðar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Að því virtu telur Neytendastofa að ofangreindar fullyrðingar veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni vörunnar. Þá telur Neytendastofa að upplýsingarnar séu líklegar til að valda því að hinn almenni neytandi sem auglýsingarnar beinast að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Fitness Sport hefur því brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með birtingu þeirra í markaðssetningu félagsins.

### 4.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Í ákvörðun Neytendastofu nr. 35/2018 var komist að þeirri niðurstöðu að Fitness Sport ehf. hafi brotið gegn sömu ákvæðum og í þessu máli með röngum fullyrðingum um



orkudrykk. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið og til þess að tryggja varnaðaráhrif telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga.

Með vísan til alls framangreinds og að teknu tilliti til umfangs brotsins, fyrri ákvarðana stofnunarinnar og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnvæðslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Fitness Sport ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 400.000 kr. (fjögur hundruð þúsund krónur).

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Fitness Sport ehf., Háabergi 17, Hafnarfirði, hefur brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með birtingu eftirfarandi fullyrðinga í markaðssetningu félagsins:**

*„Sweet Sweat gelið eykur svo hitastigið enn meira og stuðlar að enn meiri vatnslosun og brennir fitu á staðnum sem það er borið á. Gelið er borið á undir beltið, en það virkar líka eitt og sér, er því hægt að bera það á hvar sem er á líkamanum.“*

*„Loksins er komið alvöru brennslugel sem brennir fitu af ákveðnum svæðum líkamans. Líkaminn er vanur að brenna fitu þar sem honum hentar og það er ekki endilega af þeim svæðum sem þú vilt greinast á. Með Sweet Sweat getur þú örvað fitubrennslu og vatnslosun af ákveðnum svæðum þannig að árangurinn er sjáanlegur strax.“*

*„Efnið eykur hitamyndun á því svæði og margfaldar þannig fitubrennsluna ásamt því að losa allt vatn undan húðinni.“*

*„Paige Hathaway í samstarfi við Sweet Sweat gerðu nýja og ennþá öflugri waist trimmer! Með sömu eiginleikum og klassíska Sweet Sweat beltið, þá kom þessi frábæra viðbót að þrengja að mittinu og hjálpar það enn meira við að minka mittið! Beltið er gúmmíhúðað að innan sem gerir það að verkum að maður svitnar meira á svæðinu sem beltið er á og tónar því mittið mikið. En við gerð þessa beltis var notast við nýja tækni til þess að það eykur meiri vöðvalosun en klassíska beltið!“*

*„Waist Trimmer beltið eykur hitastigið á magasvæðinu sem veldur aukinni svitamyndun og þannig vatnslosun. Frábær leið til að minnka mittismálið hratt og örugglega. Hentar líka frábærlega með Sweet Sweat gelinu ef ætlunin er að brenna fitu af maganum.“*



*„Thigh Trimmer beltið eykur hitastigið á læra svæðinu sem veldur aukinni svitamyndun og þannig vatnslosun. Frábær leið til að minnka ummálið hratt og örugglega. Hentar líka frábærlega með Sweet Sweat gelinu ef ætlunin er að brenna fitu af lærunum.“*

**Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Fitness Sport ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.**

**Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Fitness Sport ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 400.000 kr. (fjögur hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“**

Neytendastofa, 29. ágúst 2019

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir